

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 5. janúar 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvælum (22. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu þar sem lagt er til að Alþingi álykti um að fela efnahags- og viskiðtaráðherra að móta reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum.*

Viðskiptaráð tekur undir sjónarmið um eðlilegt- og sanngjarnt samkeppnisumhverfi á matvælamarkaði. Mikilvægt er að viðhalda heilbrigðri samkeppni á markaði og þar sé jafnræði á milli innlendra sem erlendra aðila.

Viðskiptaráð styður það álit að skoða skuli betur þessi mál. Eðlilegt er að kannað verði hvort þörf er á reglum á þessu sviði og þá með að leiðarljósi að tryggja heilbrigða samkeppni og jafna stöðu aðila á markaði, bæði framleiðenda og verslunareigenda. Hins vegar, telur Viðskiptaráð eðlilegt að áður en takmarkandi regluverk er sett fram þá sé leitað álits og ráðlegginga hjá tengdum hagsmunaaðilum og samkeppnisyrvöldum.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands